

REGLUGERÐ

49

15. júlí

um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

1. gr.

Matvæli eða neyzluvörur eru samkvæmt reglugerð þessari hverskonar vörur, sem ætlaðar eru mönnum til neyzlu sem matur eða drykkur, samkv. nánari skilgreiningu 2. greinar laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, en nauðsynjavörur, aðrar en matvæli og neyzluvörur, eru hverskonar áhöld og efni, sem notuð eru við tilbúning og dreifingu, þ. e. umbúnað, geymslu, flatning, afgreiðslu og aðra meðferð á matvælum og neyzluvörum, ennfremur hreinlætis- og snyrtivörur, klæðnaður og efni í klæðnað, húsgögn og húsbúnaður, eldivíður og ljósmeti, lækningaáhöld og hjúkrunarvörur, leikföng og annað, er ráðherra kann nánar til að taka með auglýsingum, allt samkvæmt nánari skilgreiningu 3. greinar hinna tilvitnuðu laga og öðrum ákvæðum þeirra.

2. gr.

Tilbúningur og dreifing á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar og annara reglugerða um einstakar vörutegundir, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, að svo miklu leyti, sem ekki eru í gildi strangari eða ítarlegri fyrirmæli í sérstökum lögum.

3. gr.

Matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem hittast kunna á stað eða í húsakynnum tilheyrandi verzlun, sem slíkar vörur selur eða hefir á boðstólum, skulu teljast vera hafðar þar á boðstólum, nema annað sé sannað.

4. gr.

Matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem samkv. gildandi lögum og reglugerðum eða auglýsingu ráðherra eða að öðru leyti vitanlega eru hættulegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær eru notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, má ekki búa til í því skyni að hafa þær á boðstólum eða dreifa manna á meðal.

Matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur skulu teljast hættulegar heilbrigði manna,

- 1) þegar sérstök hættu er á, að þær geti borið með sér sjúkdóma eða valdið eitrunum,
- 2) þegar þær eru tilbúnar eða með þær er farið af mönnum, sem haldnir voru næmum sjúkdómum eða hættu var á, að borið gætu með sér sóttkeikjur næmra sjúkdóma, þegar þeir unnu að vörunum, svo að af þeirri ástæðu gæti verið hættulegt að neyta þeirra eða nota þær.

5. gr.

Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyzlu- og nauðsynjavörum skal gætt þess hreinlætis og varkárni, að varan óhreinast ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.

Matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum né dreifa manna á meðal, þegar þær geta talizt miður hæfar til neyzlu eða notkunar vegna hættulegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum.

Nú eru þær vörur, sem um getur í 2. málsgrein þessarar greinar, að visu skemmdar eða óhreinar, en þó hættulausar og að einhverju leyti hæfar til neyzlu eða notkunar, og má þá hafa þær á boðstólum að fengnu leyfi lögreglustjóra, en þó einungis til þeirra nota, sem hann, með ráði héraðslæknis, kann að ákveða.

6. gr.

Vatn, sem notað er við tilbúning á matvælum og neyzluvörum, hreinlætis- og snyrtivörum eða til hreinsunar á ílátum og áhöldum, sem notuð eru við tilbúning eða dreifingu þeirra, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns. Sjór, sem notaður er í sama tilgangi, skal vera hreinn.

Ís, sem notaður er á tilsvarendi hátt, skal fullnægja þeim hreinlætiskröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns, þegar hann snertir vöruna beinlínis bráðinn eða óbráðinn.

7. gr.

Matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum né dreifa manna á meðal á nokkurn þann hátt, sem fallinn er til að blekkja kaupanda eða móttakanda á uppruna þeirra, tegund,

- 49 samsetningu, edli, áhrifum, magni, verðgildi eða öðru þessháttar. Þegar dæmt er um þessi atriði, skal sérstaklega tekið tillit til þess nafns, sem vörunni er gefið og þeirra upplýsinga, sem um hana eru birtar í auglýsingum, hvort heldur er í orðum eða myndum, sem festar eru á vöruna sjálfa eða umbúðir hennar eða á annan hátt.

Nafn á matvælum, neyzlu- eða nauðsynjavörum skal teljast blekkjandi,

- 1) þegar í vörunnar vantar að nokkru eða öllu leyti einhver þau efni eða þær skortir þá eiginleika, sem þær eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins eiga að innihalda eða hafa til að bera, eða ef í þeim eru annarleg efni,
- 2) þegar í vörunum eru leifar af hráefninu eða öðrum efnum, sem bætt er í þær, meðan á framleiðslunni stendur, í ríkara hlutfalli en vera ber eftir tíðkanlegri merkingu nafnsins.

Reglugerðir, sem settar verða um sérstakar tegundir af matvælum, neyzlu- og nauðsynjavörum, skulu lagðar til grundvallar, þegar dæmt er um þau atriði, er þessi grein og 5. gr. fjalla um.

8. gr.

Til varnar rotunarskemmdum á matvælum og neyzluvörum, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar manna á meðal, má ekki, nema leyft sé samkvæmt sérstökum reglum, nota önnur rotvarnarefni (konserverandi efni) en matarsalt (natríumklóríd), saltþétur, sykur, alkóhól (aethylalkóhól) eða edik og þessi efni aðeins í viðeigandi matvæli eða neyzluvörur og í viðeigandi skömmtum. Þó skal leyfilegt að reykja og súrsa matvæli á tíðkanlegan hátt.

Hvorki má nota gervisykur né heldur gerviliti í matvæli eða neyzluvörur, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar manna á meðal, nema leyft sé í sérstökum reglugerðum.

Notkun gevisykurs er leyfileg, þegar um er að ræða matvæli, sem ætluð eru sjúkum, og þegar á vörunni sjálfri eða umbúðum hennar er tilgreint, að þau hafi verið notuð og um leið tilgangurinn. Sé samtímis látinn sykur í vöruna, verður einnig að geta þess.

9. gr.

Sé fyrirskipað í reglugerð, að ákveðins nafns á matvælum, neyzlu- eða nauðsynjavörum eða ákveðins eiginleika þeirra sé getið á umbúðum varanna, á einkennismíðum eða á annan hátt, þá skal það gert, nema reglugerðin mæli á annan veg fyrir, með greinilegum bókstöfum og jafnlitastærkum þeim, sem notaðir eru við aðalauðkenningu vörunnar. Bókstafirnir skulu vera 3 mm á hæð í minnsta lagi og þeim komið þannig fyrir, að auðvelt sé fyrir kaupandann að taka eftir þeim, þegar salan fer fram. Sé ekki annað ákveðið, skal auðkenningin vera á íslenzku. Sé einhver auðkenning aðeins leyfð með sérstökum skilyrðum, skulu þau einnig gilda um auðkenningu á erlendum málum.

10. gr.

Sá, sem vill reka sláturhús, sá, sem vill búa til matvæli eða neyzluvörur, eða sá, sem vill selja eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kókum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal sanna fyrir lögreglustjóra, meðal annars með vottorði héraðslæknis og heilbrigðisnefndar, ef til er, að hann fullnægi skilyrðum laga nr. 24, 1. febrúar 1936, þessarar reglugerðar og öðrum ákvæðum, sem sett hafa verið eða sett kunna að verða um þess háttar starfsemi. Lögreglustjóri veitir leyfi til starfseminnar, er settum skilyrðum er fullnægt, og má hún ekki hefjast fyr.

Sama gildir, ef starfsemin er flutt, skiptir um eiganda eða breytir um starfsvið.

Venjulega heimilisframleiðsla á landbúnaðarafurðum er ekki skylt að tilkynna, né heldur sölu á nýjum fiski, er sjómenn sjálfir annast upp úr bát eða á lendingarstað.

11. gr.

Þar sem tilkynningarskyld starfsemi samkv. 10. gr. er rekin, skulu vera rúmgóð og björt húsakynni, góð loftræsting, hægur aðgangur að ómengdu neyzluvatni og gott frárennsli. Gólf, veggir og þak skal vera þétt og skal, ásamt borðum, hyllum og öðrum innanstokksmunum, sem fara skulu eftir tegund starfseminnar, vera þannig úr garði gert, að auðvelt sé að gera það hreint.

Þessi húsakynni mega ekki vera í beinu sambandi við íbúðarherbergi og ekki má þannig til haga, að óþefur eða óþverri geti horizt þangað frá vanhúsum, gripahúsum, haughúsum, mykjuhaugum eða öðru þvilkum.

Starfsfólk skal eiga aðgang að þrifalegu salerni og handlaug.

Þessum húsakynnum skal haldið vel hreinum og má ekki nota þau til annars en þess, sem þau eru ætluð til. Í þeim má ekki geyma vörur, sem geta flýtt fyrir skemmdum matvæla eða

sökum lyktar sinnar og bragðs eða á annan hátt geta valdið því, að þau verði óhæf eða miður hæf til neyzlu.

12. gr.

Á stöðum, þar sem matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, geymdar eða hafðar á boðstólum, má ekki geyma eða nota eitruð efni eða neinar þær vörur, sem að eðli til eru eins og þær, sem nefndar eru í 4. og 5. gr. Með samþykki héraðslæknis má þó nota eiturefni til hreingerningar og sóthhreinsunar. Héraðslæknir leiðbeinir þá um geymslu og notkun slíkra efna. Gervisykur, litarefni og önnur þau efni, sem bannað er að nota við framleiðslu á matvælum og neyzluvörum, má ekki geyma, þar sem þessar vörur eru tilbúnar eða hafðar á boðstólum.

13. gr.

Ílát, áhöld, vélar og umbúðir, sem notaðar eru á þeim stöðum, sem nefndir eru í 12. gr., eða geta snert matvæli, neyzlu- og nauðsynjavörur, sem dreifa skal manna á meðal, skulu vera þannig gerð, að þau skaði ekki matvælin, neyzlu- eða nauðsynjavörurnar.

Ekki má nota við tilbúning eða dreifingu matvæla eða neyzluvöru ílát eða áhöld af þeirri gerð, að varan snerti eittraða málma og málm sambönd eða önnur eitruð efni, t. d. zink, blý, málma eða málmblöndur, sem í er meira en 0,50 grömm af blýi í hverjum 100 grömmum, kátsjúk, sem í er zink eða blý. Glerungur eða önnur húðun má ekki innihalda zink- eða blýsambönd, sem eru þess eðlis, að málmarnir leysist upp við hálf tíma suðu í þynntri ediksýru, sem í eru 40 grömm af ediksýru (CH_3COOH) í lítra. Í lóðmálmi, sem notaður er til að lóða þau áhöld, sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, má þó vera allt að 10 grömmum af blýi í hverjum 100 grömmum.

Um matvæli, neyzlu- eða nauðsynjavörur má ekki búa í pappír eða aðrar umbúðir, sem eru litaðar, málaðar, gljáðar eða prentaðar með eitruðum litum eða öðrum eiturefnum, t. d. samböndum af arsen, barýum, blýi, kadmíum, kvikasilfri, þannig, að hætta geti verið á því, að eitthvað af þessum efnum komist í vöruna. Barýumsúlfat og zinnóber skulu þó ekki teljast til eittraðra sambanda af barýum og kvikasilfri. Eigi má heldur búa um þau í málmþynnur úr öðru en alúmíníum eða tinni.

Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til leiðslna, íláta eða áhalda úr zinki eða málmum, sem húðaðir eru með zinki, þegar þau eru eingöngu notuð til að geyma vatn í þeim eða mæla það með þeim. Blýílát má þó ekki nota, þótt þau séu húðuð með zinki, tinni eða öðrum óeitruðum málmum, og blýpípur aðeins til samskeyta eftir því, sem minnst verður komið af með.

14. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau, fer samkvæmt 11. gr. laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þangað til bráðabirgðaákvæði þetta hefir verið afturkallað með auglýsingu ráðherra má, þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar 8. greinar þessarar reglugerðar, lita með skaðlausum gervilitum þau matvæli og aðrar neyzluvörur, sem til þessa hafa almennt verið litaðar með slíkum litum. Nú hafa verið gefnar út reglugerðir um sérstakar tegundir af matvælum eða öðrum neyzluvörum, og gildir þá bann 2. málsgreinar 8. greinar um notkun gervilita í þær tegundir að svo miklu leyti, sem þeir eru ekki sérstaklega heimilaðir í þeim reglugerðum.
2. Nú fullnægir ekki sá, er rekur þá starfsemi, sem um getur í 10. grein, skilyrðum 11. greinar, er reglugerð þessi gengur í gildi, og skal honum þá veittur hæfilegur tími til nauðsynlegra umbóta.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu 15. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.